

**1 Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í
16. jan. Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 28. nóv. f. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til þess, að þingstaður Seyðisfjarðarhrepps verði fluttur frá Seyðisfjarðarkaupstað í skólahús hreppsins á Þórarinsstaðæyrum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**2 Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í
28. apríl Dalasýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 10. þ. m., og beiðni oddvitans í Laxárdalshreppi í Dalasýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til að þingstaður Laxárdalshrepps verði fluttur frá Hjarðarholti til Búðardals, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**3 Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumanns-
26. maí ins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í
Kirkjuvogi í Hafnahreppi.**

Með bréfi dags. 19. þ. m. hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað til lögur sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Kirkjuvogi í Hafnahreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Kirkjuvogi í Hafnahreppi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Bein stefna úr Kirkjuvogssundvörðu, sem stendur á tanga að sunnanverðu við Ósa og í sýsluveginnum og innan þessara takmarka að beygja, sem er á veginum þar sem hann breytir stefnu heim að Kirkjuvogi og sem merkt er á